

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 100/2010

frá 1. október 2010

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2010 frá 2. júlí 2010 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 178/2010 frá 2. mars 2010 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 401/2006 að því er varðar jarðhnetur, önnur olíufræ, trjáhnetur, apríkósukjarna, lakkrís og jurtaolíu ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 54zzzl (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 401/2006) í XII. kafla II. viðauka við samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32010 R 0178:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 178/2010 frá 2. mars 2010 (Stjtið. ESB L 52, 3.3.2010, bls. 32).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 178/2010, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 277, 21.10.2010, bls. 37, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 59, 21.10.2010, bls. 4.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 52, 3.3.2010, bls. 32.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. nóvember 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. október 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.